

„AF HVERJU Á ÉG AÐ BORGGA ÞÉR FULLT VERÐ ÞEGAR ÞÚ ERT EKKI MEÐ RÉTTINDI?“ VIÐTAL VIÐ SVAN ÞÓR BRANDSSON HÚSASMIÐ

Árið 2007 gekk Svanur Þór Brandsson í gegnum raunfærnimat í húsasmiðum hjá IÐUNNI fræðslusetri. Það var eftir ábendingu og hvatningu frá föður hans, sem hafði komið auga á auglýsingu um raunfærnimat, að Svanur lét slag standa og skráði sig. Á þeim tíma hafði Svanur unnið við smíðar í u.þ.b. 15 ár og mörgum sinnum reynt að fara í skóla og klára sveinsprófið en alltaf hrökklast í burtu eftir skamma veru á skólabeck.

Svanur var hæfilega bjartsýnn þegar hann fór í raunfærnimatið. Hann sá fljótlega að hér var á ferðinni ný nálgun varðandi námsmöguleika og var sannfærður um að matið væri það sem upp á vantaði til að hann myndi klára sveinspróf sitt. Að loknu raunfærnimatinu fékk Svanur 26 einingar metnar og síðast en ekki síst eignaðist Svanur góða félaga sem allir höfðu sama markmið, að klára sveinsprófið.

Flestir þeirra sem fóru raunfærnimatið í þessum fyrsta hópi, sem IÐAN fræðslusetur kom á laggirnar, luku sveinsprófinu og var Svanur einn þeirra. Svanur segir að mikil samheldni og sterk tengsl hafi myndast í hópnum sem fór í raunfærnimatið og það hafi vegið þungt í því að þessir nemendur kláruðu námið. „Þegar einn úr hópnum lenti í mótlæti og brekkan varð ókleif þá komu félagarnir og hjálpuðu manni yfir þann erfiða hjalla,“ segir Svanur. Það má því segja að þessi fyrsti hópur í raunfærnimatinu hafi haft svipaða eiginleika og gott keppnisið í íþróttum – sameinaðir stöndum vér en sundraðir föllum vér. Þá segir Svanur að ekki megi gleyma mikilvægi Iðunnar Kjartansdóttur, náms- og starfsráðgjafa IÐUNNAR fræðsluseturs, því framlag hennar hafi verið ómetanlegt fyrir hópinn.

En hver var ástæðan fyrir því Svanur fór í raunfærnimat?

Framhald í vinstri dálki á næstu síðu.....



Svanur þór að kynna raunfærnimat ásamt Iðunni Kjartansdóttur náms- og starfsráðgjafa hjá IÐUNNI fræðslusetri.

Var ekki nóg að gera fyrir ófaglærða iðnaðarmenn þegar íslenskt efnahagslíf var í blóma veturinn 2006–2007? Svanur segir að hann hafi í raun haft næg verkefni, það hafi ekki verið vandamálið. Það var samt eitthvað innra með honum sem var að trufla hann og segja honum að klára námið. „Af hverju á ég að borga þér fullt verð þegar þú ert ekki með réttindi?“ Þetta var athugasemd sem Svanur fékk stundum að heyra frá sínum viðskiptavinum og hvatti Svan enn frekar að gera enn eina tilraunina við sveinsprófið.

Svanur segir það ómetanlegt að hafa getað farið þessa leið sem raunfærnimatið býður upp á, þ.e. að geta fengið færni sína, sem hann hafði áunnið sér í sínu starfi í 15 ár, metna. Á starfsferli sínum var Svanur meðvitaður um mikilvægi þess að koma að sem flestum þáttum sem snúa að húsbýggingum, ekki vera eingöngu í uppsteypu nýbygginga heldur koma einnig að parketlögnum, innanhússinnréttingum og gluggaísetningum svo eitthvað sé nefnt. Þessi fjölbreytni í verkefnavali hjá Svani kom honum án efa mjög vel þegar færni hans var metin til eininga í raunfærnimatinu.

Svanur var ánægður með framkvæmd raunfærnimatsins en nefnir að hann hafi átt það til að vanmeta færni sína á ýmsum sviðum þegar hann var að fylla út matsblaðið. Svanur segir að hann hafi ævinlega verið með kvíðahnút í maganum hér áður fyrir þegar kom að prófi en í raunfærnimatinu hafi

þetta horft allt öðruvísi við. Þar hafi þetta verið meira eins að fara í viðtal en ekki próf.

Hverju skyldi það hafa breytt hjá Svani að hafa farið í raunfærnimatið og að hafa klárað sveinsprófið? „Það hefur klárlega aukið sjálfstraustið að hafa klárað sveinprófið og vera kominn með full réttindi sem húsasmiður. Ég kláraði námið stuttu fyrir bankahrun og vil ekki hugsa þá hugsun til enda ef ég væri ófaglærður á markaðnum núna. Þrátt fyrir mikinn samdrátt í greininni núna hef ég ekki misst dag úr vinnu en það hefði horft allt öðruvísi við ef ég hefði ekki verið með réttindin,“ segir Svanur. Hann segir að ófaglærðir starfsmenn séu oftast en ekki þeir sem fá uppsögn fyrstir allra. Oft eru það einstaklingar sem hafa byggt upp traust samband við sinn eigin atvinnurekanda. Þegar það samband slitnar standa þessir einstaklingar oft mjög höllum fæti og eiga mjög erfitt að fá aftur sams konar vinnu sökum þess að þeir hafa ekki tilskilda menntun.

Í dag er Svanur á þriðju önn af fjórum í meistaranámi í húsasmiði og stundar það nám á kvöldin og um helgar ásamt því að vinna fulla vinnu við starf sitt í smíðunum og vera með fjölskyldu. Svanur segist ekki hafa neitt fleiri klukkustundir í sólarhringnum en aðrir en hann hafi alla tíð verið ófeiminn að taka til hendinni en vill þó nefna að sá stuðningur, sem hann hafi fengið heima við hjá sínum nánustu, hafi þó vegið þyngst.

Svanur hefur verið duglegur að miðla sinni góðu reynslu af raunfærnimatinu. „Ég veit að það eru margir þarna úti sem eru í svipuðum sporum og ég var á sínum tíma og jafnvel margir atvinnulausir í dag. Þarna er komin ný nálgun sem ég veit að mun hjálpa fleirum en mér til að ljúka sínu námi,“ segir Svanur Þór Brandsson að lokum.